

ANTIKVA EHF 2025

Reykjanesbraut (41) Hafnarvegur-Garðskagavegur

Fornleifaskráning vegna vegagerðar

Svavar Níelsson, Hermann Jakob Hjartarson og Ragnheiður Traustadóttir





Kort 1. Staðsetning rannsóknarsvæðisins.

Forsíðumynd: Sýnir tóft [3399-19] sem kann að hafa verið notuð sem skotbyrgi

Ritstjóri: Ragnheiður Traustadóttir

Uppsetning: Svavar Nielsson

Kortagerð: Svavar Nielsson og Hermann Jakob Hjartarson

www.antikva.is

Útgefandi: Antikva ehf.

ISBN númer: 978-9935-525-65-9

Verkefnanúmer MÍ: 3399

Ljósmyndir í ritinu eru teknar af höfundum nema að annað sé tekið fram

© Antikva ehf., Svavar Nielsson, Hermann Jakob Hjartarson og Ragnheiður Traustadóttir

Efnisyfirlit

Inngangur	1
Fornleifaskráning	2
Skráningarsvæðið	2
Tilgangur fornleifaskráningar	3
Fornleifaskráning og aðferðir	6
Minjanúmer	7
Tegund, hlutverk og heiti	7
Staðsetning	7
Staðhættir og lýsing	7
Hættumat	8
Mótvægisáðgerðir	8
Sögulegt samhengi skráningarsvæðisins	8
Minjar á svæðinu	9
Fornleifar	12
Herminjar	12
Turner hverfið	13
Snelling hverfið	14
Rudolph hverfið og Mortimer hverfið	15
Minjar í Turner hverfi	16
Braggar – herskálar [2523-1714], [2523-1715], [2523-1716] og [2523-1717] húsgrunnar. 16	

Braggar-herskálar [2523-1719] , [2523-1720] og [2523-1721] húsgrunnar	17
Braggar-herskálar [2523-1723], [2523-1724], [2523-1725] og [2523-1727] húsgrunnar ...	18
Braggi-herskáli [2523-1728] húsgrunnur	19
Leið [3399-16] gata	20
Braggar-herskálar [3399-8], [3399-9], [3399-10], [3399-11] og [3399-12] húsgrunnar	21
Herminjar [3399-13], [3399-14] og [3399-15] húsgrunnar	22
Herminjar [3399-17] steypur grunnur	23
Herminjar [3399-18] steypur grunnur	24
Herminjar [3399-23] húsgrunnur.....	25
Minjar í Snelling hverfi	27
Herminjar [2523-742] húsgrunnur.....	27
Herminjar [2523-743], [2523-744] og [2523-745] húsgrunnar.....	28
Herminjar [2523-746], [2523-747], [2523-748] og [3399-29] húsgrunnar.....	29
Herminjar [2523-749] húsgrunnur.....	30
Herminjar [2523-767], [3399-32], [3399-33] og [3399-34] húsgrunnar.....	31
Herminjar [2523-776], [3399-35] og [3399-36] stólpur og húsgrunnar	32
Herminjar [2523-778] húsgrunnur.....	33
Herminjar [2523-779] húsgrunnur.....	34
Herminjar [2523-782] steypur grunnur	35
Herminjar [2523-783], [2523-784], [2523-785] og [2523-786] húsgrunnar.....	36
Herminjar [3399-30] húsgrunnur.....	37

Herminjar [3399-31] vegur.....	38
Herminjar [3399-37] vegur.....	39
Minjar skráðar utan við ákveðin hverfi	40
Braggi – herskáli [2523-387] steypur húsgrunnur.....	40
Leið [3399-1] vegur.....	41
Óþekkt [3399-2] tóft.....	42
Óþekkt [3399-3] tóft.....	43
Skipsstígur [3399-27] gata.....	44
Varða [3399-4] samgöngubót.....	44
Varða [3399-5] samgöngubót.....	45
Óþekkt [3399-6] tóft og garður	46
Óþekkt [3399-7] þúst.....	47
Skotbyrgi [3399-19] hleðslur.....	48
Leið [3399-20] gata	49
Leið [3399-21] vegur.....	50
Rósel II - sel [3399-22] og [3399-25] tóftir.....	51
Stekkur [3399-24] tóft	53
Rósel I – sel [3399-26] tóft.....	54
Herminjar [3399-28] stæði fyrir gervigeyma	55
Samantekt og niðurstöður.....	57
Heimildir	59

Myndaskrá

Mynd 1. Skráningarform í Reykjanesgrunninum fylgir stöðlum Minjastofnunar Íslands.....	6
Mynd 2. Horft yfir braggabyggðina í Keflavík. Ljósmynd fengin frá Friðþóri Eydal.....	14
Mynd 3. Braggar í Keflavík á hernámsárunum. Ljósmynd fengin frá Friðþóri Eydal.....	15
Mynd 4. Húsgrunnur [2523-1728].	19
Mynd 5. Vegur [3399-16].	20
Mynd 6. Steyptur grunnur [3399-17].	23
Mynd 7. Steyptur grunnur [3399-18].	24
Mynd 8. Húsgrunnur [3399-23].	25
Mynd 9. Horft yfir braggabyggðina í Keflavík á hernámsárunum. Ljósmynd fengin frá Friðþóri Eydal.	26
Mynd 10. Braggar í Keflavík á hernámsárunum. Ljósmynd fengin frá Friðþóri Eydal.	26
Mynd 11. Húsgrunnur [2523-742].	27
Mynd 12. Húsgrunnur [2523-749].	30
Mynd 13. Húsgrunnur [2523-778].	33
Mynd 14. Húsgrunnur [2523-779].	34
Mynd 15. Steyptur grunnur [2523-778].	35
Mynd 16. Húsgrunnur [3399-30].	37
Mynd 17. Vegur [3399-31].	38
Mynd 18. Steyptur grunnur [2523-387].	40
Mynd 19. Gata [3399-1].....	41

Mynd 20. Tóft [3399-2].	42
Mynd 21. Tóft [3399-3].	43
Mynd 22. [3399-4].	44
Mynd 23. Vörðubotn [3399-5]; fyrir aftan sést í vörðu [3399-4].	45
Mynd 24. Tóft [3399-6].	46
Mynd 25. Þúst [3399-7].	47
Mynd 26. Tóft [3399-19].	48
Mynd 27. Vegur [3399-20].	49
Mynd 28. Vegur [3399-21].	50
Mynd 29. Tóft [3399-22].	52
Mynd 30. Tóft [3397-24].	53
Mynd 31. Tóft [3399-26] er alveg að hverfa undir trjágróður.	54
Mynd 32. Gervigeymar í Keflavík á hernámsárunum. Ljósmyndin er fengin frá Friðþóri Eydal.....	55
Mynd 33. Hér sjást gervigeymarnir í Keflavík á hernámsárunum. Ljósmynd fengin frá Friðþóri Eydal.	56

Kort

Kort 1. Staðsetning rannsóknarsvæðisins.....	ii
Kort 2. Skráningarsvæðið innan Reykjanesbæjar.	2
Kort 3. Dreifinga minja á skráningarsvæðinu.	9
Kort 4. Minjar nyrst á skráningarsvæðinu.....	10

Kort 5. Minjar eftir Turner hverfið.....	10
Kort 6. Minjar syðst á skráningarsvæðinu.	11
Kort 7. Vegir [3399-19], [3399-20] og [3399-21]	11
Kort 8. Hér má sjá staðsetningu hverfanna sem Bandaríski herinn notaði á Reykjanesinu.....	12
Kort 9. Helstu braggahverfin í Keflavík árið 1943. Kortið er fengið frá Friðþóri Eydal.....	13
Kort 10. Uppmæling húsgrunna [2523-1714], [2523-1715], [2523-1716] og [2523-1717]. ...	16
Kort 11. Teikning af húsgrunnum [2523-1719] , [2523-1720] og [2523-1721].	17
Kort 12. Teikning af húsgrunnum [2523-1723], [2523-1724], [2523-1725] og [2523-1727].	18
Kort 13. Teikning af húsgrunnum [3399-8], [3399-9], [3399-10], [3399-11] og [3399-12]. ..	21
Kort 14. Teikning af húsgrunnum [3399-13], [3399-14] og [3399-15].	22
Kort 15. Teikning af húsgrunnum [2523-743], [2523-744] og [2523-745].	28
Kort 16. Teikning af húsgrunnum [2523-746], [2523-747], [2523-748] og [3399-29].	29
Kort 17. Teikning af húsgrunnum [2523-767], [3399-32], [3399-33] og [3399-34].	31
Kort 18. Teikning af stólpum [2523-776] og húsgrunnum [3399-35] og [3399-36].	32
Kort 19. Teikning af húsgrunnum [2523-783], [2523-784], [2523-785] og [2523-786].	36
Kort 20. Sýnir veg [3399-37] og hluta af vegi [3399-31].	39
Kort 21. Teikning eftir Ómar Smára Ármannsson af Róseli I og II.....	51
Kort 22. Rauðu hringirnir sýna staðsetningu stæða fyrir gervigeyma [3399-28].	56

Inngangur

Að beiðni Helgu Aðalgeirsdóttur, fyrir hönd Vegagerðarinnar, tók Ragnheiður Traustadóttir, fornleifafræðingur, fyrir hönd Antikva ehf., að sér að skrá fornleifar vegna fyrirhugaðrar vegagerðar við Reykjanesbrautina. Skráningin fékk verknúmerið 3399 hjá Minjastofnun Íslands.

Stærsti hluti minjanna sem voru staðsettar og mældar upp á vettvangi voru herminjar en einnig voru 11 fornleifar skráðar og mældar upp. Mikilvægastar eru minjar frá Róseli, gömul leið að nafni Skipsstígur og vörður honum tengdar.

Skráningin fól í sér athugun á fyrri skráningum, heimildasöfnun, vettvangsskráningu og úrvinnslu, mat á minjum innan skipulagssvæðisins, svo sem hættumat, og skýrslu- og kortagerð. Allar minjar voru mældar upp og staðsettar og við fornleifaskráninguna var farið eftir stöðlum Minjastofnunar Íslands.

Skýrsluhöfundar sáu um vettvangsvinnu, heimildavinnu og skýrslugerð.

Rúna K. Tetzschner annaðist prófarkalestur.

Loftmyndir eru fengnar hjá Loftmyndum ehf. og Google.

Með skýrslunni fylgir stafrænn hnitagrunnur.

Fornleifaskráning

Nokkrar skráningar hafa verið gerðar á hluta þess svæðis sem var til könnunar að þessu sinni. Má þá helst nefna *Skráning stríðsminja á Suðurnesjum* eftir Eirík Hermannsson og Ragnheiði Traustadóttur frá árinu 2019 og *Fornleifakönnun: Reykjanesbraut* eftir Elínu Ósk Hreiðarsdóttur frá árinu 2001. Þá er líka vert að nefna „*Reykjavíkurvegir*“- *saga og minjar: Samantekt um Reykjavíkurvegina og vegagerð frá landnámi til nútíma* eftir Ómar Smára Ármannsson frá árinu 2014.

Skráningarsvæðið

Skráningarsvæðið nær utan um Reykjanesbrautina þar sem hún liggur frá Keflavík og að Innri Njarðvík, ásamt hluta af hrauninu og melunum sín hvorum megin við hana.



Kort 2. Skráningarsvæðið innan Reykjanesbæjar.

Tilgangur fornleifaskráningar

Samkvæmt 4. mgr. 3. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 (mml.), sem tóku við af þjóðminjalögum nr. 107/2001 1. janúar 2013, njóta fornleifar friðunar og eru þannig verndaðar gegn hvers kyns raski.

Í 3. mgr. 3. gr. mml. eru fornleifar skilgreindar með svofelldum hætti:

„Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skráðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i. skipsflök eða hlutar þeirra.“

Í 21. gr. mml. er kveðið á um verndun fornleifa:

„Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Eigendur og ábúendur jarða skulu hlúa að fornleifum á landareignum sínum og viðhalda umhverfi þeirra eftir því sem sanngjarnt getur talist. Minjastofnun Íslands er skylt að veita ráðgjöf og leiðbeiningar í því sambandi.

Minjastofnun Íslands gerir nauðsynlegar ráðstafanir til verndar fornleifum, viðhalds eða endurbóta, en áður skal gera landeiganda eða ábúanda viðvart um þær. Ef nauðsyn krefur lætur Minjastofnun Íslands rannsaka fornleifar með uppgreftri eða á annan hátt.“

Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar finnast ber að tilkynna það Minjastofnun Íslands, sbr. 38. gr. mml., og án tafar skv. 1. mgr. 23. gr. megi ætla að þær séu í hættu.

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að sporna við því að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða að nauðsynjalausum. Fornleifaskráning kemur að notum í minjavörslu þegar ákvarðanir eru teknar um aðgerðir til verndar einstökum minjastöðum eða minjasvæðum. Auk þess kemur hún að gagni í rannsóknum og kynningum.

Ekki er það síður hagar þeirra sem stýra hvers konar framkvæmdum að eiga aðgang að yfirliti um fornleifar á tilteknu svæði. Segja má að við það vinnist tvennt. Unnt verður að taka tillit til minjanna við skipulagsvinnu og nýta þær til að varðveita sögu staðarins í landslaginu. Einnig má minnka stórlega líkur á að framkvæmdaraðilar rekist í miðjum klíðum á fornleifar sem þeir gerðu sér ekki grein fyrir að gætu verið fyrir hendi en reynist svo nauðsynlegt að rannsaka með tilheyrandi kostnaði og töfum á framkvæmdum.

Björgunaruppgröftur, sem er unninn vegna framkvæmda og undir þrýstingi frá framkvæmdaraðilum, er heldur ekki æskilegur frá sjónarmiði fornleifafræðinnar.

Fornleifaskráning sameinar þess vegna hagsmuni fræðigreinarinnar og þeirra sem standa að framkvæmdum.

Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal skv. 16. gr. mml. fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi.

Skulu skipulagsyfirvöld hafa samráð við Minjastofnun Íslands um tilhögun skráningar eða endurskoðun á fyrri fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskrárm með hliðsjón af fyrirhuguðum breytingum á skipulagi. Óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda án undanfarandi fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskráningar. Þegar sérstaklega stendur á getur Minjastofnun Íslands veitt undanþágu fyrir framkvæmdum með tilteknum skilyrðum.

Skipulagsyfirvöld skulu tilkynna Minjastofnun Íslands um gerð skipulagsáætlana og verulegar breytingar á þeim og um gerð skýrslna um mat á umhverfisáhrifum.

Almennt er æskilegt að framkvæmdum sé beint frá minjastöðum en sé þess enginn kostur ber að tilkynna Minjastofnun Íslands um framkvæmdirnar með sannanlegum hætti með minnst fjögurra vikna fyrirvara eins og segir í 23. gr. mml. Enn fremur segir að Minjastofnun Íslands ákveði að undangenginni vettvangsskönnun hvort frekari rannsóknar sé þörf, hvort gera skuli tillögu um friðlýsingu eða hvort fornleifarnar megi víkja og þá með hvaða skilmálum. Óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda fyrir en ákvörðun Minjastofnunar Íslands liggur fyrir.

Í 2. mgr. 28. gr. mml. segir að framkvæmdaraðili greiði kostnað við þær rannsóknir á fornleifum sem Minjastofnun Íslands ákveður að séu nauðsynlegar vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Við allar umfangsmiklar framkvæmdir skal sá sem fyrir þeim stendur bera kostnað af nauðsynlegum rannsóknum og vettvangsskráningu fornleifa.

Database view - Reykjanes Fornleifaskráning

Object Browser X

1566, Brunnur, Arkeologískt objekt

Attribute	Value
Id	1566
Name	Brunnur
Class	Arkeologískt objekt
Sérheiti	
Bæjarnafn	Gauksstaðir
Gömul nr	GK:092-008
Jarðatal J	92
Sveitarfélag	Garður
Svæði	Gauksstaðatún
Flokkun	Búsetuminjar
Tegund	Brunnur
Efni	Grjót
Lengd	8 meter
Breidd	7,9 meter
Hæð	0,8 metrar
Athugasemd	Mæling er á umfangi þústar en brunnur er 2,6x2,5m
Túnakort	Túnakort 1919
Heimild	FSI 2009:76
Aldur	1850-1950
Aldur fra	1700
Aldur til	1950
Mæling	Uppmæling
Dagur	06.12.2022
Horfin	Nei
Horfin ástæða	<None>
Hættumat	Mikil hættu
Hættuorsök	Vegna framkvæmda
Ástand	Greinanlegar fornleifar
Skraning	RT-RKT
Deiliskipulag	Deiliskipulag Gauksstaðir
Minjagildi	Talsvert
Verkefna nr.	2863
Mótvægi	<None>
Fridad	Já
Friðlýst	Nei
Umhverfi	Er í sléttu túni
Gróður	Gras
Hlutverk	Vatnsból

Mynd 1. Skráningarform í Reykjanesgrunninum fylgir stöðlum Minjastofnunar Íslands.

Fornleifaskráning og aðferðir

Við fornleifaskráninguna voru fornleifar flokkaðar undir land Reykjanesbæjar. Fjallað er um hvern minjastað fyrir sig. Ljósmyndir voru teknar og gerð kort auk þess sem minjarnar voru hnitsettar og færðar inn á loftmynd frá Loftmyndum ehf.

Minjanúmer

Minjar eru auðkenndar með númeri og sérheiti þeirra ef finnst, til dæmis Rósel [3399-22]. Tóft, síðan er tegund nefnd á eftir númeri til frekari skýringar. Ef stendur *heimild* á eftir númeri þá hafa ekki fundist fornleifar á vettvangi. Fyrsta númer innan hornklofa er númer Minjastofnunar og seinna númer er númer skráningarinnar í landfræðilegum gagnagrunni Antikva yfir fornleifar, örnefni og sögulegar minjar á Reykjanesi.

Tegund, hlutverk og heiti

Tegund og hlutverki minja er eins og venjan er um fornleifaskráningar lýst í fáum orðum, þ.e. hvort um sé að ræða tóftir bæja eða útihúsa, höfn, byrgi, túngarð og þar fram eftir götunum. Stundum sér fornra minja ekki stað í landslaginu þótt þeirra sé getið í heimildum og kunna margar ástæður að vera fyrir því. Kemur þá fram í fornleifaskránni að „heimild“ sé til um til dæmis stekk. Er leitast við að hafa fornleifaskrána eins nákvæma og kostur er því að leifar fornminja kunna að leynast í jörðu þótt ekki sé unnt að sjá þær með berum augum á yfirborðinu.

Hafi fornminjarnar sérnafn er það sérstaklega skráð en þegar engu slíku er til að dreifa kemur fyrir að hlutverki þeirra sé lýst þar sem heitið stæði annars, til dæmis tóft [3399-2].

Staðsetning

Tekin voru GPS hnit á öllum minjum eða þær mældar upp með nákvæmu GPS mælingartæki úti á vettvangi og þau færð inn í landupplýsingagrunn Reykjanesskaga. Í hjálagðri fornleifaskrá eru gefin upp hnit í landshnitakerfinu Ísnet 93 þegar við á. Staðsetning þeirra er svo færð inn á loftmynd. Gögnum er einnig skilað í stafrænu formi í landupplýsingakerfi.

Staðhættir og lýsing

Ávallt er greint frá afstöðu skráðra minja í landslaginu, þeim og staðhátum lýst, bæði formi, umfangi og ástandi, og aðrar athugasemdir gerðar þegar þörf krefur, til dæmis vísað í aðrar heimildir.

Hættumat

Leitast er við að leggja mat á þá hættu sem að fornleifunum kann að steðja, bæði af völdum náttúru og manna. Þetta er gert til að unnt sé að grípa til viðeigandi ráðstafana liggi minjar undir skemmdum eða geti orðið fyrir raski. Hætta vegna ábúðar þýðir að framkvæmdir eða álag kunni að raska fornminjum. Hætta vegna veðrunar þýðir að fornleifar séu smám saman að mást í burtu fyrir áhrif lofts eða vatns. Hætta vegna landbrots þýðir að fornleifar geti glatast af völdum vatns eða uppblásturs. Ekki er lagt mat á hættuna þegar einungis er til heimild um fornleifar en þær hafa ekki fundist við vettvangsskráninguna.

Mótvægisáðgerðir

Ef minjar eru í hættu vegna framkvæmda er lagt til að framkvæmdum sé beint frá minjastaðnum. Ef það er ekki hægt er komið með tillögur að mótvægisáðgerðum. Það er þó alltaf Minjastofnun Íslands sem ákveður hvað þarf að gera og með hvaða hætti.

Sögulegt samhengi skráningarsvæðisins

Það er óvíst hvenær byggð hófst í Keflavík en Keflavíkur er fyrst getið í heimildum um rekaskipti á Rosmhvalanesi frá árinu 1270.¹ Keflavík kemur fram í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá árinu 1703 en á þeim tíma var jörðin í Rosmhvalaneshreppi. Jarðardýrleiki Keflavíkur var á þeim tíma óviss en jörðin var í eigu konungs.² Árið 1847 er jörðin svo merkt sem kaupstaður í Jarðatali Johnsen og í bændaeign.³ Samkvæmt Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns voru bæði Ytri og Innri Njarðvík í eign konungs árið 1703. Á þeim tíma voru bæði Ytri Njarðvík og Innri Njarðvík í Vatnsleysustrandarhreppi. Út frá báðum jörðunum voru svo nokkrar hjáleigur.⁴ Árið 1847 eru jarðirnar svo orðnar að bændaeign.⁵

¹ *Íslenzkt Fornbréfasafn*, 1888, bls. 76.

² Árni Magnússon og Páll Vídalín, 1923-1924, III, bls. 105.

³ Johnsen, 1847, bls. 89.

⁴ Árni Magnússon og Páll Vídalín, 1923-1924, III, bls. 107-113.

⁵ Johnsen, 1847, bls. 89.

Töluvert er af minjum á svæðinu eftir hersetu Breta og Bandaríkjamanna í seinni heimsstyrjöldinni. Með komu Breta árið 1940 var strax farið að reisa bragga, loftvarnarbyrgi sem og önnur mannvirki. Bandaríski herinn tók svo við hersetu á Íslandi árið 1941 og jukust þá umsvifin og farið var í stærri framkvæmdir. Hernámsminjar á Íslandi eru ekki sjálfkrafa verndaðar af þjóðminjalögum sökum þess að þær eru ekki orðnar hundrað ára. Þær eru þó mikilvæg heimild um hlutdeild Íslands í seinni heimsstyrjöldinni og kalda stríðinu.⁶

Minjar á svæðinu



Kort 3. Dreifinga minja á skráningarsvæðinu.

⁶ Eiríkur Hermannsson og Ragnheiður Traustadóttir, 2019, bls. 7.




Kort 4. Minjar nyrst á skráningarsvæðinu.



Kort 5. Minjar eftir Turner hverfið.



Kort 6. Minjar syðst á skráningarsvæðinu.



Kort 7. Vegir [3399-19], [3399-20] og [3399-21]

Fornleifar


Alls fundust 11 fornleifar og eru þar helstar minjar frá Róseli, tóftir af óþekktum mannvirkjum, vörður og leiðir.

Herminjar

Alls fundust 56 herminjar á svæðinu og voru flestar þar sem á hernámsárunum voru tvö braggahverfi kennd við Turner og Snelling.



Kort 8. Hér má sjá staðsetningu hverfanna sem Bandaríski herinn notaði á Reykjanesinu.



Kort 9. Helstu braggahverfin í Keflavík árið 1943. Kortið er fengið frá Friðþóri Eydal.


Turner hverfið

Turner hverfið var stórt hverfi með 323 bröggum og fjórum skemmum. Það stóð ofan og sunnan við Iðavelli á mótum Aðalgötu og Reykjanesbrautar og á svæðinu á milli

Reykjanesbrautar og sunnan við flugvöllinn. Hverfið hét Turner eftir Francis Turner liðsmanni 28. byggingarveitar flotans, en hann lést á leið til Íslands árið 1942. Í hverfinu voru liðsmenn loftflutningardeildar og seinna flugbækistöðvar bandaríska flughersins sem annaðist rekstur á Meeksflugvelli og flugafgreiðslu. Einnig var þar gistiaðstaða fyrir flugáhafnir og farþega.⁷

Snelling hverfið


Snelling hverfi var staðsett norðan við Rósaselstjarnir. Í hverfinu voru um 30 braggar og það hýsti fótgönguliðs- og hýsti stórskotaliðsflokka til ársins 1944.⁸



Mynd 2. Horft yfir braggabyggðina í Keflavík. Ljósmynd fengin frá Friðþóri Eydal.

⁷ Friðþór Eydal, 2007, bls. 79-80.

⁸ Friðþór Eydal, 2007, bls. 79.



Mynd 3. Braggar í Keflavík á hernámsárunum. Ljósmynd fengin frá Friðþóri Eydal.

Rudolph hverfið og Mortimer hverfið

Tvö önnur braggahverfi voru á svæðinu en ekki fundust neinar minjar um þau. Bæði voru staðsett við norðausturenda flughlaðsins. Annars vegar var Rudolph hverfið þar sem nú er norðurhlið flugskýlis nr. 885 en hins vegar Mortimer hverfið þar sem nú er suðurhlið sama flugskýlis. Í hvoru hverfi um sig voru sjö braggar sem hýstu lítinn loftvarnarbyssuflokk og þau voru nefnd eftir hermönnum sem fórust með skipinu USS Mallory.⁹

⁹ Friðþór Eydal, 2007, bls. 78.

Minjar í Turner hverfi

Braggar – herskálar [2523-1714], [2523-1715], [2523-1716] og [2523-1717] húsgrunnar


Fjórir ferkantaðir húsgrunnar sem liggja saman. Húsgrunnarnir eru hlaðnir með torfi og grjóti. Þetta eru braggagrunnar eftir hersetuna. Grunnarnir liggja í röð og mynda horn. Húsgrunnur [2523-1714] liggur nyrst. Húsgrunnur [2523-1715] er í horninu og svo liggja braggar [2523-1716] og [2523-1717] suður af honum. Þessir húsgrunnar hafa áður verið skráðir í tengslum við verkefnið *Skráning stríðsminja á Suðurnesjum*.¹⁰

Húsgrunnur [2523-1714] er um 12,5 m að lengd og 8 m að breidd.

Húsgrunnur [2523-1715] er um 9 m að lengd og 10 m að breidd.

Húsgrunnur [2523-1716] er um 14 m að lengd og um 6,5 m að breidd.

Húsgrunnur [2523-1717] er um 14 m að lengd og um 8 m að breidd.



Kort 10. Uppmæling húsgrunna [2523-1714], [2523-1715], [2523-1716] og [2523-1717].

¹⁰ Eiríkur Hermannsson og Ragnheiður Traustadóttir, 2019.


Braggar-herskálar [2523-1719] , [2523-1720] og [2523-1721] húsgrunnar

Þrír ferkantaðir húsgrunnar sem liggja hlið við hlið. Húsgrunnarnir eru hlaðnir með torfi og grjóti. Líklegast eru þetta braggagrunnar eftir hersetu. Líklegt þykir að hluti húsgrunnanna hafi farið undir hljóðmön en bæði húsgrunnarnir og hljóðmönin eru staðsett nálægt Flugvallarvegi. Húsgrunnar þessir hafa áður verið skráðir í tengslum við verkefnið *Skráning stríðsminja á Suðurnesjum*.¹¹

Húsgrunnur [2523-1719] er um 14,5 m að lengd og 7 m að breidd.

Húsgrunnur [2523-1720] er um 14,5 m að lengd og 7 m að breidd.

Húsgrunnur [2523-1721] er um 12 m að lengd og 9 m að breidd.



Kort 11. Teikning af húsgrunnum [2523-1719] , [2523-1720] og [2523-1721].

¹¹ Eiríkur Hermannsson og Ragnheiður Traustadóttir, 2019.

Braggar-herskálar [2523-1723], [2523-1724], [2523-1725] og [2523-1727] húsgrunnar

Fjórir ferkantaðir húsgrunnar. Húsgrunnar [2523-1724], [2523-1725] og [2521727] liggja hlið við hlið en húsgrunnur [2523-1723] er svo fyrir aftan hina húsgrunnana. Húsgrunnarnir eru allir hlaðnir með torfi og grjóti. Líklegast eru þetta braggagrunnar eftir hersetu. Húsgrunnarnir eru svipaðir að stærð og lengd en allir eru þeir um 14 m að lengd og um 8 m að breidd. Húsgrunnarnir hafa áður verið skráðir í tengslum við verkefnið *Skráning stríðsminja á Suðurnesjum*.¹²



Kort 12. Teikning af húsgrunnum [2523-1723], [2523-1724], [2523-1725] og [2523-1727].

¹² Eiríkur Hermannsson og Ragnheiður Traustadóttir, 2019.

Braggi-herskáli [2523-1728] húsgrunnur

Á milli húsgrunna [2523-1714], [2523-1715], [2523-1716] og [2523-1717] og húsgrunna [2523-1719] , [2523-1720] og [2523-1721] liggur hugsanlegur húsgrunnur sem er nokkuð illgreinanlegur. Líklegast er þetta grunnur eftir bragga á tímum hernámsins á Íslandi.

Grunnurinn sem er ferkantaður er um 5,5 m að lengd og 4,5 m að breidd. Húsgrunnurinn hefur áður verið skráður í tengslum við verkefnið *Skráning stríðsminja á Suðurnesjum*.¹³



Mynd 4. Húsgrunnur [2523-1728].

¹³ Eiríkur Hermannsson og Ragnheiður Traustadóttir, 2019.

Leið [3399-16] gata

Vegur [3399-16] liggur frá húsgrunni [2523-1728] og þaðan austur. Hlutverk götunnar er annars óþekkt.



Mynd 5. Vegur [3399-16].

Braggar-herskálar [3399-8], [3399-9], [3399-10], [3399-11] og [3399-12] húsgrunnar

Fimm ferkantaðir húsgrunnar sem hlaðnir eru með torfi og grjóti. Líklegast eru þetta braggagrúnnar eftir hersetu. Húsgrunnar [3399-8] og [3399-9] eru hlið við hlið en húsgrunnar [3399-10], [3399-11] og [3399-12] eru svo rétt utan við þá. Húsgrunnar [3399-10], [3399-11] og [3399-12] liggja hlið við hlið.

Húsgrunnur [3399-8] er um 14,5 m að lengd og 9 m að breidd.

Húsgrunnur [3399-9] er um 14 m að lengd og um 7,5 m að breidd.

Húsgrunnur [3399-10] er um 15 m að lengd og um 7 m að breidd.

Húsgrunnur [3399-11] er um 15 m að lengd og um 7 m að breidd.

Húsgrunnur [3399-12] er um 15 m að lengd og um 7,5 m að breidd.



Kort 13. Teikning af húsgrunnum [3399-8], [3399-9], [3399-10], [3399-11] og [3399-12].


Herminjar [3399-13], [3399-14] og [3399-15] húsgrunnar

Tveir ferhyrndir húsgrunnar sem liggja nálægt hvor öðrum. Báðir húsgrunnar eru hlaðnir með torfi og grjóti en húsgrunnur [3399-14] er með steypa plötu í botninum. Hlutverk húsgrunnanna er óþekkt.

Húsgrunnur [3399-13] er um 11,5 m að lengd og um 7 m að breidd.

Húsgrunnur [3399-14] er um 6 m að lengd og um 3 m að breidd.

Ekki er hægt að segja til um með vissu um lengd og breidd húsgrunns [3399-15] sökum þess hve illa varðveittur hann er.



Kort 14. Teikning af húsgrunnum [3399-13], [3399-14] og [3399-15].

Herminjar [3399-17] steiptur grunnur

Ferkantaður steiptur grunnur sem er staðsettur örskammt frá öðrum steiptum grunni [3399-18]. Steypti grunnurinn er um 1,5 m að lengd og breidd. Grunnurinn hefur tilheyrt hernum, en hlutverk hans er óþekkt.



Mynd 6. Steiptur grunnur [3399-17].

Herminjar [3399-18] steiptur grunnur

Steiptur grunnur sem er staðsettur örskammt frá öðrum steiptum grunni [3399-17]. Ólíkt grunni [3399-17] þá er grunnur [3399-18] með steiptu loki. Grunnurinn er um 1,5 m að lengd og breidd. Grunnurinn hefur tilheyrt hernum, en hlutverk hans er óþekkt.




Mynd 7. Steiptur grunnur [3399-18].

Herminjar [3399-23] húsgrunnur


Hugsanlegur húsgrunnur en hlutverk hans er þó óþekkt. Húsgrunnurinn er nokkuð illgreinanlegur en sést þó móta fyrir honum á loftmynd. Húsgrunnurinn er um 27 m langur og um 10,5 m á breidd. Hlutverk húsgrunnsins er óþekkt en mjög líklega eru þetta leifar eftir hersetu.



Mynd 8. Húsgrunnur [3399-23].



Mynd 9. Horft yfir braggabyggðina í Keflavík á hernámsárunum. Ljósmynd fengin frá Friðþóri Eydal.



Mynd 10. Braggar í Keflavík á hernámsárunum. Ljósmynd fengin frá Friðþóri Eydal.

Minjar í Snelling hverfi

Herminjar [2523-742] húsgrunnur

Húsgrunnur sem staðsettur er skammt frá Garðskagavegi. Húsgrunnurinn er hlaðinn með torfi og grjóti en einungis eitt rými er sjáanlegt. Lengd hans er um 27,5 m en breidd um 10,7 m. Þessi húsgrunnur hefur áður verið skráður í tengslum við verkefnið *Skráning stríðsminja á Suðurnesjum*.¹⁴



Mynd 11. Húsgrunnur [2523-742].

¹⁴ Eiríkur Hermannsson og Ragnheiður Traustadóttir, 2019.

Herminjar [2523-743], [2523-744] og [2523-745] húsgrunnar

Þrír húsgrunnar sem liggja hlið við hlið. Húsgrunnar [2523-744] og [2523-745] snúa frá norðaustri til suðvesturs en húsgrunnur [2523-743] virðist snúa frá norðvestri til suðausturs. Húsgrunnar [2523-744] og [2523-745] er báðir um 16,5 m að lengd og um 8 m að breidd en húsgrunnur [2523-743] er um 15,5 m að breidd og um 11,8 m að breidd. Þessir húsgrunnar hafa áður verið skráðir í tengslum við verkefnið *Skráning stríðsminja á Suðurnesjum*.¹⁵



Kort 15. Teikning af húsgrunnum [2523-743], [2523-744] og [2523-745].

¹⁵ Eiríkur Hermannsson og Ragnheiður Traustadóttir, 2019.

Herminjar [2523-746], [2523-747], [2523-748] og [3399-29] húsgrunnar

Húsgrunnar [2523-748] og [3399-29] liggja hlið við hlið en sunnan við þá liggja svo húsgrunnar [2523-746] og [2523-747] sem eru hlið við hlið. Húsgrunnar [2523-748] og [3399-29] liggja frá norðri og til suðurs en húsgrunnar [2523-746] og [2523-747] liggja frá austri og til vesturs. Húsgrunnar [2523-746], [2523-747] og [2523-748] hafa áður verið skráðir í tengslum við verkefnið *Skráning stríðsminja á Suðurnesjum*.¹⁶

Húsgrunnur [2523-746] er um 14,4 m að lengd og 10 m að breidd.

Húsgrunnur [2523-747] er um 15 m að lengd og um 7,6 m að breidd.

Húsgrunnur [2523-748] er um 15 m að lengd og um 8,4 m að breidd.

Húsgrunnur [3399-29] er um 11,8 m að lengd og um 9,5 m að breidd.



Kort 16. Teikning af húsgrunnum [2523-746], [2523-747], [2523-748] og [3399-29].

¹⁶ Eiríkur Hermannsson og Ragnheiður Traustadóttir, 2019.

Herminjar [2523-749] húsgrunnur

Steyptur húsgrunnur þar sem sést í leifar af veggjum bæði vestan og austan megin við grunninn. Botninn á húsgrunninum er steypdur en mosi er tekinn að vaxa yfir honum. Á austur hlið húsgrunnsins er áfastur steypdur grunnur. Lengd húsgrunnsins er um 15 m en breidd hans er um 5,3 m. Þessir húsgrunnur hafa áður verið skráðir í tengslum við verkefnið *Skráning stríðsminja á Suðurnesjum*.¹⁷



Mynd 12. Húsgrunnur [2523-749].

¹⁷ Eiríkur Hermannsson og Ragnheiður Traustadóttir, 2019.

Herminjar [2523-767], [3399-32], [3399-33] og [3399-34] húsgrunnar

Húsgrunnar [2523-767] og [3399-32] liggja hlið við hlið en suðvestan við þá húsgrunna eru aðrir húsgrunnar [3399-33] og [3399-34] sem einnig eru hlið við hlið. Húsgrunnur [2523-767], hefur áður verið skráður í tengslum við verkefnið *Skráning stríðsminja á Suðurnesjum*.¹⁸

Húsgrunnur [2523-767] er um 13 m að lengd og 10 m að breidd.

Húsgrunnur [3399-32] er um 16 m að lengd og um 7,6 m að breidd.

Húsgrunnur [3399-33] er um 16,2 m að lengd og um 9,1 m að breidd.

Húsgrunnur [3399-34] er um 16,3 m að lengd og um 10,2 m að breidd.



Kort 17. Teikning af húsgrunnum [2523-767], [3399-32], [3399-33] og [3399-34].

¹⁸ Eiríkur Hermannsson og Ragnheiður Traustadóttir, 2019.

Herminjar [2523-776], [3399-35] og [3399-36] stólpur og húsgrunnar

Fjórir steiptir stólpur [2523-776] sem standa við hlið húsgrunna [3399-35] og [3399-36]. Stólparnir eru allir um 0,9 m á lengd og breidd. Húsgrunnar [3399-35] og [3399-36] eru báðir um 16 m að lengd og um 7 m á breidd. Stólparnir hafa áður verið skráðir í tengslum við verkefnið *Skráning stríðsminja á Suðurnesjum*.¹⁹



Kort 18. Teikning af stólpum [2523-776] og húsgrunnum [3399-35] og [3399-36].

¹⁹ Eiríkur Hermannsson og Ragnheiður Traustadóttir, 2019.

Herminjar [2523-778] húsgrunnur

Ferhyrndur húsgrunnur með einu rými. Húsgrunnurinn er hlaðinn með torfi og grjóti.

Húsgrunnurinn er um 15 m að lengd en breidd hans er um 8,6 m. Húsgrunnurinn hefur áður verið skráður í tengslum við verkefnið *Skráning stríðsminja á Suðurnesjum*.²⁰



Mynd 13. Húsgrunnur [2523-778].

²⁰ Eiríkur Hermannsson og Ragnheiður Traustadóttir, 2019.

Herminjar [2523-779] húsgrunnur

Húsgrunnur sem hlaðinn hefur verið með grjóti en lögun hans er að mestu ógreinanleg þar sem búið er að ryðja svæðið. Þó sjást þar steinhleðslur en einnig viður og aðrir hlutir úr járni. Húsgrunnurinn hefur áður verið skráður í tengslum við verkefnið *Skráning stríðsminja á Suðurnesjum*.²¹



Mynd 14. Húsgrunnur [2523-779].

²¹ Eiríkur Hermannsson og Ragnheiður Traustadóttir, 2019.

Herminjar [2523-782] steypur grunnur

Ferhyrndur steypur grunnur með óþekkt hlutverk. Steypti grunnurinn liggur skammt frá húsgrunni [2523-778]. Steypti grunnurinn er um 2,2 m að lengd en breidd hans er um 0,9 m. Grunnurinn hefur áður verið skráður í tengslum við verkefnið *Skráning stríðsminja á Suðurnesjum*.²²



Mynd 15. Steypur grunnur [2523-778].

²² Eiríkur Hermannsson og Ragnheiður Traustadóttir, 2019.

Herminjar [2523-783], [2523-784], [2523-785] og [2523-786] húsgrunnar

Tveir húsgrunnar sem liggja hlið við hlið en sunnan við þá eru tveir aðrir húsgrunnar sem líka liggja hlið við hlið. Þessir fjórir húsgrunnar eru ferhyrndir. Húsgrunnar [2523-783], [2523-784] eru báðir um 15,5 m að lengd og breidd þeirra er um 7,5 m. Húsgrunnar [2523-785], [2523-786] eru báðir um 13 m að lengd en breidd þeirra er um 8,5 m. Þessir húsgrunnar hafa áður verið skráðir í tengslum við verkefnið *Skráning stríðsminja á Suðurnesjum*.²³



Kort 19. Teikning af húsgrunnum [2523-783], [2523-784], [2523-785] og [2523-786].

²³ Eiríkur Hermannsson og Ragnheiður Traustadóttir, 2019.

Herminjar [3399-30] húsgrunnur

Ferhyrndur húsgrunnur með steiptum grunni. Grunnurinn er að hluta til illgreinanlegur sökum þess að mosi hefur vaxið yfir hann. Grunnurinn er í heildina um 8,4 m að lengd og breidd hans er um 6 m.



Mynd 16. Húsgrunnur [3399-30].

Herminjar [3399-31] vegur

Vegur [3399-31] liggur úr suðri og norður inn í Snelling hverfi. Garðskagavegur klýfur þennan veg í tvennt. Syðsti hluti vegar [3399-31] mætir svo vegi [3399-37].



Mynd 17. Vegur [3399-31].

Herminjar [3399-37] vegur

Vegur [3399-37] liggur um það bil frá norðvestri til suðausturs. Á miðri leið mætir hann vegi [3399-31].



Kort 20. Sýnir veg [3399-37] og hluta af vegi [3399-31].

Minjar skráðar utan við ákveðin hverfi

Braggi – herskáli [2523-387] steiptur húsgrunnur

Tveir steiptir grunnar sem liggja hlið við hlið. Grunnarnir hafa áður verið skráðir sem hluti af verkefninu *Skráning stríðsminja á Suðurnesi*.²⁴ Hlutverk þeirra er óþekkt en hugsanlegt er að þeir tengist bröggum sem voru byggðir vegna hersetu. Báðir grunnarnir eru ferhyrndir. Sá stærri er um 1,9 m á lengd og breidd en sá minni er um 1 m að lengd og breidd.



Mynd 18. Steiptur grunnur [2523-387].

²⁴ Eiríkur Hermannsson og Ragnheiður Traustadóttir, 2019.

Leið [3399-1] vegur

Gata sem liggur frá suðri til norðurs en tekur svo beygju til austurs og nær þaðan upp að vegi. Hlutverk götunnar er óþekkt.



Mynd 19. Gata [3399-1].

Óþekkt [3399-2] tóft

Tóft með tveimur hólfum. Staðsett út í hrauni vestan við Reykjanesbrautina. Hlutverk er óþekkt en mögulega er um leifar af fjárhúsi að ræða. Ytra mál tóftarinnar er um 13 m að lengd og 10 m að breidd. Breidd veggja hennar er um 1-2 m. Tóftin virðist vera að hluta niðurgrafin og því nokkuð djúp. Tóftin er hlaðin úr bæði torfi og grjóti og sést í hleðslusteina í veggjum hennar.



Mynd 20. Tóft [3399-2].

Óþekkt [3399-3] tóft

Lítil tóft með einu hólfi. Staðsett skammt frá tóft [3399-2] í hrauni vestan við Reykjanesbrautina. Hlutverk tóftarinnar er óþekkt. Tóftin er nokkuð hringlaga og um 6 m að þvermáli. Breidd veggja hennar er um 1-2 m. Í veggjum tóftarinnar sést í stóra steina sem kunna að hafa verið notaðir til hleðslu.



Mynd 21. Tóft [3399-3].

Skipsstígur [3399-27] gata

Skipsstígur [3399-27] var þjóðleið sem lá á milli Fitja í Njarðvík og Grindavíkur.²⁵ Leiðin er greinileg nær Grindavík, en á skráningarsvæðinu er hún ógreinileg vegna framkvæmda. Hún sést þó á loftmyndum. Vörður [3399-4] og [3399-5] vörðuðu þessa leið.

Varða [3399-4] samgöngubót

Varða [3399-4] er við skilti hjá Skipstíg [3399-27], þjóðleiðar milli Grindavíkur og Njarðvíkur. Varðan er hlaðin með grjóti og mosavaxin.



Mynd 22. [3399-4].

²⁵ Helgi Valdimar Viðarsson Biering, 2024, bls. 31.

Varða [3399-5] samgöngubót

Varða [3399-5] er staðsett við hlið vörðu [3399-4] við Skipsstíg [3399-27]. Hún er fallin en vörðubotninn er eftir.



Mynd 23. Vörðubotn [3399-5]; fyrir aftan sést í vörðu [3399-4].

Óþekkt [3399-6] tóft og garður

Hugsanleg tóft sem virðist vera samtengd garði. Hlutverk tóftarinnar er óþekkt. Þvermál hennar að innan er um 2 m. Tóftin og garðurinn saman virðast vera um 20 m að lengd. Það kann þó að vera að þetta sé náttúrumyndun.



Mynd 24. Tóft [3399-6].

Óþekkt [3399-7] þúst

Þúst er staðsett skammt frá tóft [3399-6] sunnan við Reykjanesbrautina. Hún gæti verið manngerð en hlutverk hennar er þá óþekkt. Þústin er um 6,5 m að lengd og um 3 m að breidd. Það kann þó að vera að þetta sé náttúrumyndun.



Mynd 25. Þúst [3399-7].

Skotbyrgi [3399-19] hleðslur

Lítill tóft er staðsett ofan á klettum. Tóftin er hlaðin með steinum. Líklega er þetta skotbyrgi frá hernámsárunum. Ytra mál tóftarinnar er um 3 m að lengd og um 2,5 m að breidd. Innra mál tóftarinnar er um 1,9 m að lengd og 1,4 m að breidd.



Mynd 26. Tóft [3399-19].

Leið [3399-20] gata

Vegur [3399-20] liggur frá suðvestri til norðausturs. Vegur þessi mætir svo vegi [3399-21]. Hlutverk götunnar er óþekkt.



Mynd 27. Vegur [3399-20].


Leið [3399-21] vegur

Vegur [3399-21] liggur frá suðaustri til norðvesturs. Fyrir um miðju vegarins mætir hann vegi [3399-20]. Hlutverk er óþekkt.



Mynd 28. Vegur [3399-21].

Rósel II - sel [3399-22] og [3399-25] tóftir



Kort 21. Teikning eftir Ómar Smára Ármannsson af Róseli I og II.

Tóft þessi er staðsett rétt utan við skráningarsvæðið til austurs við Rósaselstjörn. Tóftin [3399-22] er tvíhólfa auk þess sem önnur minni tóft [3399-25] er norðan við hin hólfin, mögulega hefur hún verið sambyggð hinni tóftinni. Stærð tóftar [3399-22] er um 9 m að lengd og 7 m að breidd. Breidd veggja er frá 1,5 til 3 m. Tóftin hefur áður verið skráð undir númerinu GK-110:080. Þar er henni lýst svona: „Tóftin er á stórgrýttu og deiglendu svæði. Hún er við vatnið á mosagrónu svæði. Tóftin samanstendur af tveimur hólfum. Samtals er hún um 8 x 7 m að stærð. Op virðist hafa verið á vesturvegg. Enn má sjá grjóthleðslur í tóftinni, sérstaklega í vestara (ytra) hólfinu. Austara hólfið er grónara og veggirnir þar allt að 1,5 m á þykkt. Tóftin er ekki mjög fornleg. Tóft [3399-25] er 5 x 4 m að stærð og veggir eru um 1,5-2 m á þykkt. Op er til suðurs.“²⁶

²⁶ Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 2001, bls. 8.



Mynd 29. Tóft [3399-22].

Á vefnum *Ferlir.is* segir um tóftirnar: „Þar eru tóftirnar mjög vel greinilegar og má sjá bæði búr og baðstofu sem og hliðsett eldhús.“²⁷ Tóftirnar eru frá Róseli.

²⁷ www.ferlir.is.



Mynd 30. Tóft [3397-24].

Stekkur [3399-24] tóft

Um 13 m vestan við tóft [3399-22] er ferköntuð tóft, 7 x 4 m að stærð. Aðeins neðsta steinaröðin er eftir af veggjunum. Tóftin er opin til austurs. Líklega er þetta stekkur.

Ómar Smári Ármannsson skoðaði tóftina og á heimasíðu hans *ferlir.is* segir: „Stekkurinn er skammt norðar (útnorður).“²⁸ Og á hann væntanlega við þessa tóft sem þó er vestan við tóft [3399-22].

²⁸ www.ferlir.is.

Rósel I – sel [3399-26] tóft

Sunnan við Stóru-vötn hefur á seinustu árum farið fram nokkur skógrækt. Innan um greni og birkitré er að finna tóft. Þessi tóft er illgreinanleg á vettvangi út af þessum gróðri. Tóftin er með þrjú hólfi og snúa þau öll til norðurs. Hún er 7 m að lengd og um 4,5 m að breidd.



Mynd 31. Tóft [3399-26] er alveg að hverfa undir trjágróður.

Í örnefnalýsingu segir m.a. þegar rætt er um örnefnið Róselsvötn: „Segir frá því í hinum óprentaða hluta Suðurnesjaannáls Sigurðar Sívertsens að Stóri-Hólmur í Leiru hafi haft þar í seli til forna líklega á 18. öld og fyrr. Mér vitanlega eru engar rústir sjáanlegar af kofum á staðnum en vera má að það leynist innan um þúfur og steina sem þar eru á víð og dreif. Róselsvötn eru vestur af Keflavík.“²⁹ Ómar Smári Ármannson lýsti tóftinni svo: Þær

²⁹ Örnefni við Keflavík á Rosmhvalanesi (Suðurnesjum), 1967.

